

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Grundarfirði.

1. gr.

Af öllum fasteignum í þéttbýli Grundarfjarðar sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu sveitarfélagsins liggja skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Hið sama gildir um fasteignir þar sem rotprær hafa verið settar upp og sveitarfélagið þjónustar.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,18% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar skv. matsskrá Fasteignamats ríkisins ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

4. gr.

Fráveitugjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Grundarfjarðar þann 14. desember 2005, sbr. reglugerð um fráveitu í Eyrarsveit nr. 212/2001, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Grundarfirði, 14. desember 2005.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. febrúar 2006